

71 hefir hans hátign konunginum þóknast 8. f. m. eptir allraþegnsamlegastri tillögu ráð-
11. júní, gjafans um málið að fallast á, að ofan nefnt lagafrumvarp hljóti ekki konungsstaðfestingu.

Þetta er eigi látið hjálíða hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra lands-
höfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

72 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja út af þingsályktun um toll
13. júní á íslenskum fiski á Spáni. — Með þóknanlegu brjefi 25. ágúst f. á. hafði þjer, herra
landshöfðingi sent hingað ályktun, er samþykkt var af alþingi á aukþinginu í fyrra, og
er þar fastlega skorað á stjórnina að bæta hið bráðasta úr hinni brýnu nauðsyn landsins
með því nú þegar að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess, að tollmunur sá,
landinu og verzlun þess í óhag, sem spillir markaðinum á Spáni fyrir fisk þangað flutt-
an frá Íslandi og þar verkaðan, og sem um undanfarin ár hefur valdið landsbúum ær-
ins fjártjóns, verði sem allra fyrst afnuminn. Þjer hafði um leið mælt hið bezta með
því að ráðgjafinn ljeti sjer umhugað um málefni þetta og tekið það fram, að þó að al-
þinginu hefði verið það kunnugt, að stjórninni væri einkar annt um þetta mál, og að
tálmanirnar fyrir því að það næði fram að ganga, hefðu komið úr annari átt, þá hefði
það þó, vegna þess hve fjarska-þýðingar mikið mál þetta væri fyrir landið og með tilliti til
bænar kráafjölda þess, er um málið höfðu komið til þingsins, álitid, að sjer bæri að láta
í ljósi óskir sínar og vonir um að stjórninni mætti takast að koma þeirri skipun á
þetta velferðarmál Íslands, er vel mætti við una.

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar
leiðbeiningar, og til þess að þjer getið svarað fyrirspurnum á alþingi, er fram kynnu að
að koma, að stjórnin aldrei hefur misst sjónar á máli þessu, að gjörðar hafi verið, síð-
an felldur var í ríkisþinginu verzlunar- og siglingasamningur sá við Spán, er fyrir það
hafði verið lagður, ýmislegar tilraunir til að bæta úr því óhagræði, er leiddi af því að
slíkan samning vantaði, en að þessar tilraunir hefðu orðið árangurslausar, og að stjórn-
in hefði þá von, að henni mundi takast að semja svo við ríkisþingið á næstu samkomu
þess, að þetta málefni verði til lykta leitt, svo að við megi una einnig fyrir Íslands
hönd.

73 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfest-
13. júní ingar á frumvarpi til laga um stofnun lagaskóla. — Með brjefi 16. sept. 1885 sendi
þáverandi landshöfðingi Thorberg hingað frumvarp til laga um stofnun lagaskóla á Ís-
landi, sem komið hafði fram af hálfu þingmanna, og síðan var samþykkt á alþingi
1885.

Með þessu frumvarpi hefur alþingi breytt frá aðferð sinni 1883 til að koma á
innlendum lagaskóla, þar sem lagaskólinn þá var tengdur við hinar tvær æðri mennt-
unarstofnanir í Reykjavík, reyndar að eins að ytri álitum, en nú hefur alþingi horfið apt-
ur að þeirri aðferð, sem nokkrum sinnum hefur verið áður höfð, að koma beinlínis fram
með frumvarp um stofnun hinnar þriðju menntunarstofnunar í landinu til menntunar
löfræðinga.

Munurinn á þessu frumvarpi og frumvarpi því, sem alþingi síðast samþykkti
um þetta efni, og sem neitað var staðfestingar með konungsúrskurði 29. febr. 1884 (sbr.
ráðgjafabrjef 31. marz s. á.), er að efninu til einungis sá, að hinum fyrirhugaða 2. kenn-
ara við skólann eru ætlaðar 2500 kr. í laun í stað 2400 kr., að ráðgjafinn á að semja

reglugjörð fyrir skólann í stað landshöfðingja, að nú er skýlaust heimtað af þeim, sem nema vilja í skóla þessum, að þeir hafi tekið burtfararpróf við lærða skólann í Reykjavík eða einhvern lærðan skóla í konungsríkinu, og að þeir megi ekki ganga undir burtfararpróf við lagaskólann fyr en þeir hafa tekið próf í forspjallsvísindum, og loks, að nú eru skýrt tekin fram þau rjettindi, sem þeir hafa, er tekið hafa burtfararpróf við skólann, en rjettindin eru aðgangur að þeim embættum, sem lögfræðingar eru skipaðir í.

Thorberg landshöfðingi tók það fram, um leið og hann sendi hingað lagafrumvarp þetta, að hann á þinginu hefði ráðið frá, að frumvarpið væri samþykkt og hefði skírskotað til skoðana þeirra, sem stjórnin áður hvað eptir annað hefði látið uppi um þetta mál; lagði hann það til, að úrslit málsins væru látin biða að minnsta kosti um sinn, vegna gjaldanna, sem skólinn hefði í för með sjer, þangað til á sínum tíma sæist, þegar búið væri til frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889, hvort ráðlegt gæti virzt, að bæta á landssjóðinn eigi óverulegum gjöldum á ári hverju, sem leiddu af stofnun lagaskóla og sem að minnsta kosti næmu 10,000 kr., og að líkindum langtum meiru.

Þegar gjaldahlíð málsins er sleppt, þá er það einkum eitt, sem komið hefur stjórninni til, að vera andstæð stofnun lagaskóla (sbr. ráðgjafabrjef 28. febr. 1880 og 31. marz 1884), og það er, að engin nauðsyn hefur verið til slíkrar ráðstöfunar, þar sem vöð hefur verið á nógu mörgum íslenskum lögfræðiskandidötum frá háskólanum í Kaupmannahöfn, en þar eiga þeir kost á slíkri menntun, að enginn efi er á, að sú menntun, sem kennslustofnun í Reykjavík gæti bðið, gæti aldrei staðið henni jafnfætis. Þetta á sjer nú enn stað, og þannig má enn leggja jafnmikla áherzlu á það atriði og gjört hefur verið, og að hinu leytnu er hin önnur aðalástæða stjórnarinnar til að vera andstæð frumvarpinu, kostnaðarástæðan, nú enn þýðingarmeiri en verið hefur. Samkvæmt tillögum Thorbergs landshöfðingja hefur verið bðið eptir því, að frumvarp til fjárlaga fyrir næsta fjárhagstímabil væri búið til í stjórnarráðinu fyrir Ísland, áður en málið væri borið undir hans hátign konunginn til úrslita; eins og við var að búast eptir efnahagnum nú, hefur það komið í tjós, að fjárhag landsins hefur svo verulega farið aptur, að gjöra má ráð fyrir, að töluvert vanti á, að tekjurnar jafnist við gjöldin um næsta fjárhagstímabil.

Samkvæmt þessu, og þar sem hin síðari ástæðan að ætlun minni gæti talizt fullnóg til þess að með öllu væri ótíltækilegt að gjöra frumvarpið að lögum, enda hefur sú ástæða valdið mótspyrnu gegn frumvarpinu á þinginu, hef jeg í allraþegnlegustu tillögu minni um málið lagt það til, að lagafrumvarp þetta öðlaðist ekki staðfestingu konungs, og hefur hans hátign konunginum þóknast 8. þ. m. að fallast á þessa tillögu mína.

Þetta er eigi látið hjá líða að tjá yður þjónustusamlega, herra landshöfðingi, til þóknarlegrar vitundar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um Stjórnartíðindi til hreppstjóra. — Í þóknalegu brjefi dags. 10. þ. m. hafið þjer, herra amtmáður, borið fram tilmæli sýslumannsins í Ísafjardarsýslu um að eintök þau af Stjórnartíðindunum, sem ætluð eru hreppstjórunum þar í sýslunni verði framvegis send í einu við hver árslok, innhept, með því að nokkrir af hreppstjórunum hafi kvartað yfir því, að tíðindin velktust opt og glatizt á útsendingunni um sýsluna, en þar af leiði að illt eða erfitt sje að halda þeim saman svo í lagi fari, og hafið þjer jafnframt lagt með því, að beiðni þessi fengi áheyrn.

Út af þessu undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður til þókn-